

**Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 19. desember 2013 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-104/2013:

**I**

**Álitaefni og kröfugerð**

Hinn 13. nóvember sl. bað X, hér eftir einnig nefnd álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna fjarnáms sem hún leggur stund á við Y. Álitsbeiðandi gerir m.a. athugasemdir við að próf vegna fjarnámsins fari fram á virkum dögum og því sé fjarnámið ekki eins sveigjanlegt og það ætti að vera. Þá komi ekkert fram við skráningu í fjarnámið að próf muni fara fram á dagvinnutíma.

**II**

**Niðurstaða kæruneftndarinnar**

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Í lögum nr. 87/2006 segir að aðilar sem greinir á um réttindi sín samkvæmt lögum um lausafjárkaup nr. 50/2000, lögum um þjónustukaup nr. 42/2000 og lögum um neytendakaup nr. 48/2003 geti beðið kæruneftndina um álit á ágreiningnum.

Ágreiningur aðila snýst um fjarnám. Fellur ágreiningur aðila því ekki undir þjónustukaupalög, neytendakaupalög né lausafjárkaupalög. Af þessu leiðir að kæruneftndin hefur ekki heimild til þess að gefa álit sitt á þeim ágreiningi sem lýst er í álitsbeiðni. Kæruneftndinni ber því að vísa álitsbeiðninni frá sér. Kæruneftndin vill hins vegar benda álitsbeiðanda á að hún getur beint erindi sínu til Mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

**III**

**Álitsorð**

Álitsbeiðni X er vísað frá kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa.

---

Pétur Örn Sverrisson  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir